

# Stefna í nýsköpun og tækni á sviði velferðarþjónustu

September 2015



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Velferðarráðuneytið: Stefna í nýsköpun og tækni á sviði velferðarþjónustu 2015  
September 2015

Útgefandi: Velferðarráðuneytið  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu  
101 Reykjavík  
Sími: 545 8100  
Bréfasími: 551 9165  
Netfang: postur@vel.is  
Veffang: velferdarraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Velferðarráðuneytið

© 2015 Velferðarráðuneytið

ISBN 978-9979-799-86-3

## Efnisyfirlit

---

Efnisyfirlit .....	2
Inngangur.....	3
Samantekt.....	5
1 Tækifærin í framtíðinni .....	6
2 Hvað er nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu?.....	8
3 Samspil nýsköpunar og tækni .....	10
4 Almennar áherslur í nýsköpun og tækni í félagsþjónustu á Íslandi.....	12
5 Framtíðarsýn – áherslur í nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu .....	14
Áherslusvið 1. Undirbúningur .....	15
Áherslusvið 2. Þekking og færni.....	17
Áherslusvið 3. Lausnir .....	20
Áherslusvið 4. Miðlun og mat á lausnum og framvindu.....	23

## Inngangur

---

Félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði í janúar 2014, samráðshóp sem fékk það hlutverk að móta stefnu í nýsköpun og tækni í félagsþjónustu. Í hópinn voru skipaðir:

- Þór G. Þórarinsson, án tilnefningar, formaður.
- Bryndís Snæbjörnsdóttir, tiln. af Landssamtökunum Þroskahjálp.
- Elvar Knútur Valsson, tiln. af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.
- Guðlaug Ósk Gísladóttir, tiln. af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
- Halldór S. Guðmundsson, tiln. af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
- Hákon Sigurhansson, tiln. af Samtökum atvinnulífins.
- Ragnheiður Stephensen, tiln. af Landssambandi eldri borgara. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir tók síðan við af Ragnheiði í apríl 2014.
- Sigrún Jóhannsdóttir, tiln. af Öryrkjabandalagi Íslands.

Í skipunarbréfi kemur fram að „Stefnunni er ætlað að skýra framtíðarsýn og markmið íslenskra stjórnvalda er varðar nýsköpun og tækni í félagsþjónustu.“ Í framhaldi af gerð stefnunnar verði unnin áætlun um framkvæmd hennar til ársins 2020. Við mótun stefnunnar verði leitað samráðs og samvinnu við fulltrúa ríkis, sveitarfélaga, notenda og fulltrúa frá atvinnulífinu sem vinna að þróun og nýsköpun á vettvangi velferðartækni. Hugað verði sérstaklega að nýsköpun og tækni sem hjálpar til við að viðhalda eða þróa þjónustu velferðarsamfélagsins. Hér skal horft til lausna sem nýtast borgurum með sérstakar þarfir, t.d. við umönnun, verklega aðstoð, hjálpertæki, skipulag á heimilum, þjálfun, endurhæfingu, hæfingu, sérkennslu og atvinnu með stuðningi. Nýsköpun og tækni er því ekki afmörkuð við eitthvað eitt málsvið heldur snertir hún marga málaflokka, t.d. heilbrigðismál, félagsmál, menntamál og vinnumál, auk þess að hafa áhrif á samfélagið í heild sinni.

Í framhaldi var skipuð sérstök verkefnisstjórn sem ætlað var að smíða verkáætlun um þær aðgerðir sem eru nauðsynlegar til þess að ná fram þeirri framtíðarsýn og markmiðum sem stefnan vísar til. Fulltrúi verkefnisstjórnarinnar kynnti síðan drög að heildstæðri stefnu í byrjun júní 2014.

Vinna samráðshópsins einskorðaðist til að byrja með við að rýna hugmyndafræði og kortleggja og greina þjónustu ríkis og sveitarfélaga á sviði nýsköpunar og tækni í velferðarþjónustu. Það er skoðun samstarfshópsins að nýsköpun og tækni snertir ekki einungis tæknilausnir, heldur einnig nýsköpun í þjónustu sveitarfélaga á hjálpertækjasviðinu, þróun starfsgreina sem og rannsóknir og úrlausnir á sviði húsnæðismála svo eitthvað sé nefnt. Afmörkunin í starfi hópsins þróaðist í þá átt að fjalla að mestu leyti um þætti sem snúa að verksviði félags-, heilbrigðis- og menntunnar þar sem ríki, sveitarfélög, frumkvöðlar og aðrir hagsmunaaðilar gætu verið virkir gerendur í framþróun á sviði nýsköpunar og tækni.

Segja má að þjónusta sem veitt er á fyrrgreindum áherslursviðum sé í dag að mörgu leyti samofin og því beinist umfjöllunin að miklu leyti að samspili þeirra og þjónustu sem hægt er að fella undir hugtakið velferð. Stöðugar tæknilegar framfarir og notendamiðuð velferðarþjónusta er eðli máls samkvæmt í stöðugri þróun og þar er nýsköpun iðulega að eiga sér stað vegna notagildis nýrra úrræða eða aðferða. Þess vegna hlýtur stefnumörkun á sviði nýsköpunar og tækni einnig að taka til þátta er varða almenn úrræði, aðgengi og upplýsingar, sem gagnast almenningi áður en til sértækrar þjónustu kemur.

Stefnunni er ætlað að draga upp meginlínur sem horft verði til. Á grundvelli þeirra verði nánar skilgreind markmið á áherslusviðum sem síðan verða nánar útfærð í aðgerðum sem

líklegt þykir að náí fram að ganga. Stefnan nær yfir tímabilið 2015 til 2020 og gert er ráð fyrir því að hún verði endurskoðuð reglulega í samræmi við áherslur stjórnvalda hverju sinni.

Verklagið sem notað var við gerð stefnunnar byggist á opnu samráði og að samvinna sé um að finna ásættanleg markmið og leiðir sem líklegar eru til þess að tryggja framvindu og framkvæmd. Samráðshópurinn leitaði víða fanga þar sem fagþekkingu, almenna þekkingu og reynslu var að finna. Samráðshópurinn stóð einnig fyrir hugarflugsfundi þann 2. apríl 2014 þar sem á fjórða tug sérfræðinga, innan velferðarþjónustu, frumkvöðlastarfsemi, rannsókna og reksturs, tóku höndum saman og leituðust við að skilgreina markmið og verkefni sem gætu verið viðbót eða samþætt þá vinnu sem samráðshópurinn hafði þá þegar innt af hendi. Fram komu margar hugmyndir um lausnir sem snertu verkefni annarra ráðuneyta en velferðarráðuneytisins og er því ljóst að leita þarf samþykkis og samráðs við þau við útfærslu þeirra.

Niðurstöður þessarar vinnu voru kynntar á ráðstefnu sem velferðarráðuneytið stóð fyrir 4. og 5. júní 2014.

Jafnframt var leitað eftir ábendingum frá fjölmörgum aðilum sem stefnan snertir utan þess baklands sem samráðshópurinn hafði. Leitað var sérstaklega til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Bygðastofnunar og Hjálpartækjamiðstöðvar Sjúkratrygginga Íslands.

Frá því í september 2014 hafa tillögur samráðshópsins verið til skoðunar í velferðarráðuneytinu. Félags- og húsnæðismálaráðherra hefur nú tekið ákvörðun um að leggja fram til kynningar meðfylgjandi stefnu og áætlun um nýsköpun og tækni. Ráðherra hefur einnig hafið vinnu við að koma áætluninni í framkvæmd.

## Samantekt

---

Umræða um nýsköpun og tækni í velferð er tiltölulega ný af nálinni á Íslandi, en hún lýsir m.a. ýmsum tækni- og tæknitengdum lausnum sem einstaklingar geta notað til þess að styrkja getu sína til sjálfshjálpar, samfélagsþátttöku og aukinna lífsgæða. Hér er gert ráð fyrir aðkomu margra aðila, t.d. starfsfólks, notenda og aðstandenda.

Hvers vegna að leggja áherslu á nýsköpun og tækni? Gera má ráð fyrir að nýsköpun og tækni geti:

- Hjálpað einstaklingum til að takast á við daglegt líf og stuðlað að heilbrigði og lífsgæðum á eigin forsendum.
- Aukið gæði þjónustunnar, sveigjanleika hennar og bætt starfsaðstæður.
- Stuðlað að markvissri þróun innan velferðarþjónustunnar og þar með skapað nýja fleti til samstarfs milli nærsamfélags, notenda, aðstandenda, frjálsra félagasamtaka, skólasamfélags og atvinnulífsi.
- Aukið líkur á að einstaklingar sem hafa þörf fyrir velferðarþjónustu geti búið lengur heima og þar með frestað eða hindrað lengri eða skemmri dvöl á hjúkrunarheimili.
- Aukið líkur á því að markmið algildrar hönnunar nái fram að ganga.
- Stuðlað að nýsköpun og aukinni samvinnu sveitarfélaga og annarra sem vinna með velferðarlausnir af ýmsu tagi.
- Verið virðisaukandi fyrir ríki og sveitarfélög sem boðið gætu upp á ráðgjöf og lausnir bæði innanlands og utan.
- Skapað jákvæð hagræn áhrif fyrir samfélagið.

Hvar liggja svo áskoranirnar? Breytingar (lýðfræðilegar, tæknilegar o.fl.) kalla á nýjar lausnir og nýsköpun við þróun og framkvæmd þjónustu. Það er einnig brýn þörf á að miðla þekkingu um þá möguleika, áskoranir og hugsanlegar takmarkanir sem upp geta komið innan velferðarþjónustunnar. Upplýsingar til notenda um tækifærin sem í þessu kunna að felast eru einnig nauðsynlegar.

Markaðurinn á sviði nýsköpunar og tækni í velferðarþjónustu er enn að slíta barnsskónum og það skortir enn á hvatningu til að auka eftirspurn eftir henni hjá ríki og sveitarfélögum. Enn á því eftir að reyna á lausnir af ýmsu tagi sem styrkt geta framkvæmd og aukið lífsgæði notenda. Ríki og sveitarfélög munu þróa kröfulýsingar í samningum um þjónustu.

Ýmis lagaleg og siðferðileg álitamál á einnig eftir að leysa við notkun ýmiss konar viðvörunar- og staðsetningarkerfa við framkvæmd þjónustunnar. Stefnur og áætlanir af þessu tagi munu geta tekist á við þær áskoranir og hvatt til frekari þróunar innan velferðarþjónustunnar. Rannsóknir skipta miklu máli og ekki hvað síst að horft sé til gagnreyndra aðferða þegar bestu lausnir eru fundnar.

## 1 Tækifærin í framtíðinni

---

Stefnunni er ætlað að horfa til þeirra fjölmörgu tækifæra sem má nýta til þess að stuðla að því að notendur velferðarþjónustu geti verið í auknum mæli sjálfbjarga í lífi og starfi.

Í stefnunni er leitast við að svara þremur lykilspurningum og leiða svörin til aðgerða í áætlun. Spurningarnar eru eftirfarandi:

- Hvernig er hægt að auka þekkingu og styrkja samstöðu í þágu nýsköpunar og tækni í velferðarþjónustu?
- Hvernig er hægt að þróa nýjar þjónustuleiðir og lausnir með nýrri tækni, þekkingu, aðferðum og breytingum á skipulagi?
- Hvernig er hægt að styrkja rannsóknir, nýsköpun og þróunarstarf í velferðarþjónustu?

Íslendingar búa yfir tækifærum sem gerir þeim mögulegt að vera í fremstu röð við að nýta sér velferðatækni til að takast á við breytingar í umhverfinu, bæta þjónustu, auka öryggi og hagræða. Sterkir innviðir, almenn tækniþekking, stuttar boðleiðir og stærð þjóðarinnar gefur okkur forskot á flestar aðrar þjóðir.

Hér á eftir verða talin upp nokkur þeirra tækifæra og áskorana sem sviðsmyndir framtíðarinnar spá fyrir um:

### *Hin nýja kynslóð eldri borgara.*

Það er staðreynd að breyting á aldurssamsetningu þjóðarinnar með auknum fjölda eldri borgara mun gera auknar kröfur til velferðarþjónustunnar. Jafnframt mun staðan verða sú að verðandi eldri borgarar munu lifa lengur af því þeir verða heilbrigðari og búa við allt aðrar forsendur en fyrri kynslóðir. Eldri borgarar framtíðarinnar munu vera betur menntaðir, búa við betri fjárhag og betri heimilisaðstæður. Þeir munu þekkja betur til tækninnar og réttinda sinna og vilja hafa meira um sín mál að segja.

### *Þjónusta þvert á kynslóðir.*

Velferðarþjónusta er ekki bara þjónusta við þá eldri heldur tekur yfir allt lífshlaupið og þeir sem eru yngri koma með nýjar þarfir og kröfur og geta þeirra ræður sífellt meiru um það hvaða þjónustu þeir þarfnast. Krafa um nýja og fjölbreyttari þjónustu sem kemur til móts við kröfur kynslóðanna verður sífellt háværari innan velferðarþjónustunnar.

### *Staða aðstandenda í nútíð og framtíð.*

Skortur á fagfólki til þess að sinna stækkandi hópi notenda við breyttar aðstæður mun verða veruleg áskorun fyrir velferðarkerfið. Fyrirsjáanlegur skortur á vinnuafli og sjálfboðaliðum til að veita þjónustuna mun kalla eftir lausnum gerir það auðveldara að tvinna saman atvinnu og umönnun. Þörf mun því verða fyrir aukinn sveigjanleika í atvinnulífinu og aukna fjölbreytni stuðningsúrræða sem standa til boða.

Þessi veruleiki kallar á umræðu um samspil vinnu og umönnunar og hvernig hægt er að skipuleggja krefjandi umönnun með þátttöku aðstandenda. Jafnframt hvernig staðið skuli að faglegum og fjárhagslegum stuðningi, handleiðslu, og til hvaða úrræða sé hægt að grípa til að létta tímabundnu álagi.

### *Skyldur gagnvart öðrum.*

Öflugt velferðarsamfélag kallar eftir samvinnu og samstarfi allra. Það verður að byggjast á því að fólk sé tilbúið til að bera ábyrgð og taka þátt í lífi og starfi samfélagsins. Slík meðábyrgð verður til í skipulegu starfi frjálsra félagasamtaka, samvinnuúrræðum og í starfi samtaka notenda ásamt þátttöku með óformlegum hætti á vettvangi fjölskyldutengsla og

annarra tengsla. Þetta byggist einnig á trausti og samstöðu milli kynslóða. Því er mikilvægt að horfa til þess á hvern hátt hægt er að fá frjáls félagasamtök til þátttöku með nýju þjónustufyrirkomulagi og hvernig hægt sé að styðja aðstandendur til þess að taka þátt í óformlegri umönnun.

### ***Fjölbreytileiki og jafnrétti.***

Aukinn fjölbreytileiki mun einkenna samfélag framtíðarinnar og mun það hafa áhrif á framkvæmd ýmissa þjónustupáttá.

Innan velferðarþjónustunnar í dag eru um 90% starfsfólks konur. Þessu þarf að breyta þannig að karlmenn fái aukið hlutverk. Jafnrétti og bann gegn mismunun eru einnig þau gildi sem horfa verður til í velferðarþjónustunni. Jafnrétti skiptir miklu máli þegar úrræði eru skipulögð og hrint í framkvæmd. Aðrar áskoranir eru tungumál, menningarlegur bakgrunnur og lífssögur þeirra sem fá þjónustu. Þjónustan mun í auknum mæli byggjast á einstaklingsbundinni nálgun hvort sem um er að ræða tungumál, menningu, trú, lífssýn, aldur, kyn, kynhneigð eða sérstaka stuðningsþörf vegna fötlunar.

### ***Að njóta lífsins í heilbrigði.***

Góð heilsa er ein mikilvægasta forsenda þess að einstaklingur fái notið sín. Þess vegna er stuðningur sem veittur er á vegum heilbrigðiþjónustu og félagsþjónustu samofinn. Einstaklingur á rétt á því að njóta sjálfstæðis og frelsis þrátt fyrir að margir stuðningsaðilar veiti þann stuðning sem nauðsynlegur er allan sólarhringinn alla daga ársins. Að tryggja það að notandinn geti notið lífsins við slíkar aðstæður, þrátt fyrir sjúkdóm og/eða fötlun, er því eitt af mikilvægustu hlutverkum þjónustunnar.

Hafa þarf í huga þau gildi sem felast í skilgreiningunni „að lifa lífi sem vert er að lifa og að hver einstaklingur beri ábyrgð á lífi sínu“.

### ***Gæðin í tengslum fólks.***

Gæði nærþjónustunnar verða oft best þegar fulltrúar opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga eru í nánnum tengslum við notendur, fjölskyldur þeirra, annað tengslanet, frjáls félagasamtök, þjónustustofnanir og fyrirtæki.

Þegar til framtíðar er litið er mikilvægt að fyrrgreindir aðilar hverfi ekki úr þessu samhengi, heldur verði þjónusta áfram í margra höndum í nærsamfélaginu og í sterkum tengslum við sveitarfélögin. Þjónustan mun alltaf kalla á meðábyrgð og að alltaf sé fyrst leitað leiða hjá einstaklingnum sjálfum og í hans eigin umhverfi. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á mikilvægi frumkvæðis ríkis og sveitarfélaga í tengslum við notendur og hagsmunaaðila og þar með tryggja eðlilega framvindu þeirra úrræða sem hugsanlega standa til boða.

Með því að nýta þau tækifæri sem að framan er lýst er líklegt að þjónustan verði ódýrari og innihald hennar innihaldsríkara en áður.



## 2 Hvað er nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu?

---

Til þess að bregðast við hinum krefjandi verkefnum sem framundan eru í velferðarþjónustu hafa stjórnvöld víða um lönd leitað leiða til nýsköpunar og á hvern hátt hægt væri að beita tækni- og skipulagslausnum ýmiss konar í velferðarþjónustunni.

Þegar rætt er um nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu snertir sú umfjöllun mörg hugtök sem með ýmsum hætti lýsa tæknilausnum sem hægt er að nota í þágu einstaklinga til að viðhalda eða auka færni sína, samfélagsþátttöku og lífsgæði.

Lengi hefur verið lögð áhersla á samþættingu í velferðarþjónustu þegar kemur að nýjum úrræðum eða aukinni skilvirkni. Í þessu samhengi þarf að koma til skuldbindandi samráð aðila sem miðar að uppbyggingu innviða og aðgengis að upplýsingum. Forvarnir, hæfing, endurhæfing og vitundarefning byggja á samvinnu og til að árangur náist, þarf einnig fræðslu og góða menntun.

Forsenda þróunar í nýsköpun og tækni innan velferðarþjónustunnar krefst breytinga á framkvæmd hennar. Tryggja þarf að hlutverk þeirra sem bera ábyrgð á framvindu verkefna á þessu sviði sé skilgreint, bæði hvað varðar útfærslu tæknilausna og nýsköpunar.

Hugtakið velferðartækni (velferdsteknologi) er ekki einsleitt hugtak heldur er það notað sem samheiti yfir fjölmargar tæknitengdar lausnir. Notendamiðaðar tæknilausnir eru til þess fallnar að aðstoða einstaklinga við not á einu eða fleiri úrræðum sem starfrækt eru á vegum opinberra- eða einkaaðila. Tækni er notuð til þess að styðja við eða auka öryggi við athafnir dagslegs lífs og hreyfanleika innan og utan heimilis.

Tæknilausnir hafa hingað til einna helst nýst eldri borgurum, einstaklingum með langvarandi sjúkdóma og fólki með mismunandi tegundir fötlunar. Til framtíðar litið er ljóst að notendahópurinn mun stækka sem kallar enn frekar á skilvirkari notkun þekkingar og reynslu.

Hugtakið velferðartækni er einkum notað á Norðurlöndunum og fellur vel að skilningi fólks á norræna velferðarlíkaninu. Velferðartækni er samheiti yfir þær tæknilausnir sem hjálpa til við að viðhalda eða þróa þjónustu velferðarsamfélagsins. Í hinu norræna velferðarsamfélagi standa borgurunum til boða lausnir sem nýtast þeim sem eru með sérþarfir, t.d. við umönnun, verklega aðstoð, hjálpartæki, skipulag á heimilum, þjálfun, endurhæfingu, hæfingu, sérkennslu og atvinnu með stuðningi.

Í Evrópu er hugtakið Ambient Assisted Living (AAL) notað yfir velferðartækni. Notkun hugtaksins nær einnig yfir fyrirbyggjandi lausnir þar sem tækni er notuð til þess að draga úr og fyrirbyggja þörf fyrir aukinn stuðning. Í þessu samhengi er einnig lögð áhersla á hlutverk aðstandenda og þeirra sem veita stuðninginn.

Velferðartækni má skipta upp í fjögur megin svið.

### ***Öryggistækni.***

Hér er átt við þá tækni sem er ætlað að skapa örugga umgjörð um líf einstaklingsins og eigin heilbrigði. Öryggishnappurinn er sú lausn sem hér er algengust.

### ***Tækni til að bæta fyrir missi og styðja við bætt líðan.***

Í þessu samhengi er einkum átt við tækni sem dregur úr áhrifum minnistaps eða skertrar hreyfigetu. Hér er einnig átt við tækni sem eykur lífsgæði í almennu lífi, t.d. stjórnun á ljósum og hita.

### ***Tækni til félagslegra samskipta.***

Hér er átt við tækni sem hjálpar fólki að komast í félagslegt samneyti við aðra, t.d. upplýsingatækni af ýmsu tagi.

### ***Tækni til þjálfunar og eigin umönnunar.***

Hér er átt við tækni sem hjálpar einstaklingum að fylgjast sjálfir með eigin heilsu, t.d. þegar um langvarandi sjúkdóma er að ræða. Má þar nefna sjálfvirka mælingu á blóðsykri og blóðþrýstingi með eða án beinna tengsla við heilbrigðisstarfsfólk.

Aukin áhersla á velferðartækni getur nýst sem verkfæri í þeirri viðleitni að færa þjónustuna nær notendum (nærþjónusta) þar sem samvinna er milli sveitarfélaga, frjálsra félagasamtaka, nærsamfélags og aðstandenda. Velferðartækni getur rutt brautina fyrir nýja samstarfsfleti og nýjar aðferðir í samvinnu þessara aðila.


Ástæða þess að sjónum er beint að nýsköpun og tækni er ekki bara vegna lýðfræðilega breytinga framtíðarinnar, heldur einnig til að styðja við almenna heilsu og vera verkfæri til að fyrirbyggja áföll af ýmsu tagi sem og einsemd og andlega hrörnun.

### 3 Samspil nýsköpunar og tækni

Í stefnumótun í velferðarmálum er horft til samþættingar þar sem áhersla er á snemmtæka íhlutun þegar um heilsufarslegan eða félagslegan vanda er að ræða. Þróunin ber með sér að viðfangsefni sveitarfélaganna á þessum sviðum verða sífellt umfangsmeiri og flóknari. Leggja þarf aukna áherslu á mikilvægi heildstæðra lausna þar sem fyrirbyggjandi aðgerðir, snemmtæk íhlutun, greining, meðferð og eftirfylgd verða lykilþættir í árangri. Til að ná þeim árangri sem að er stefnt er nýsköpun lykilþáttur. Því er mikilvægt að styrkja nýsköpun innan opinberrar þjónustu.

Samspil velferðartækni og nýsköpunar í þjónustu er afar mikilvægt. Lausnir í velferðarþjónustu geta verið þannig að notandinn þarf ekki sérstaka aðstoð til þess að nýta þær. Í öðrum tilvikum getur hagað þannig til að notandinn eða aðrir verði að fylgja eftir þeim skilaboðum sem hjálpartækið sendir frá sér. Í sinni einföldustu eða flóknustu mynd kallar tæknin á samspil þekkingar, afurða, tækni og skipulags.

Nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu kallar á samspil þessarra fjögurra þátta:



*Skýringar við mynd:*

Framkvæmd byggð á þekkingu – vísar til þróunarferlis þegar notendabekking, reynslubekking og rannsóknarbekking er samþætt.

Skipulag: Hér er átt við nauðsyn þess að forysta sé skýr, viðhorfin séu hvetjandi og uppbyggjandi og vilji sé til samþættingar. Þessi þáttur getur einnig falist í viðfangsefnum eins og hvernig samskipti eru skipulögð, hvernig brugðist er við viðvörðunum og hvernig húsnæði er skipulagt m.t.t. þarfa.

Tækni: Hver er tilgangur þess að nýta tæknina og hvaða aðferðir eru notaðar.

Afurð: Sá hluti sem snýr að notandum í formi veittrar þjónustu og/eða tækni.

Reynslan hefur sýnt að helstu hindranir nýsköpunar í opinberum rekstri eru skortur á tíma, fjármagni og stuðningi stjórnenda. Nýsköpun í velferðarþjónustunni byggist ekki síður á mannlegum þáttum, þar sem jákvæð afstaða starfsmanna gagnvart nýrri tækni er lykill að árangri. Árangursrík notkun á velferðartækni er því ekki bara spurning um tæknilegar lausnir heldur líka hvernig tæknin er notuð sem verkfæri til að leysa verkefni af ýmsu tagi og mæta þeim þörfum sem til staðar eru. Endurmat og innleiðing nýrra vinnubragða eru því skilyrði þess að tæknin nýtist sem best.

Eigi nýsköpun í framkvæmd velferðarþjónustu að ganga eftir er nauðsynlegt að nýta aðferðir sem setja samráð við notendur og þarfir þeirra í forgrunn. Hinn eiginlegi árangur í nýsköpun og tækni í velferðarþjónustunni birtist nefnilega í því samhengi sem afurðin er notuð í en ekki í afurðinni sjálfri.

Þarfamiðuð nýsköpun byggist á því að kortleggja og skilja þarfir notandans og nota þá þekkingu sem þá skapast til að þróa nýjar lausnir, verkferli og skipulag.

Á Norðurlöndunum og víðar ríkir almennt sá skilningur að velferðartækni geti skipt verulegu máli við að mæta framtíðaráskorunum í velferðarþjónustunni. Talið er að velferðartækni muni:

- Gera fólki í auknum mæli mögulegt að ráða betur við lífsaðstæður sínar þannig að þörf fyrir þjónustu verði minni eða henni seinki.
- Styðja markmiðið að þjónustan skuli veitt þar sem notandinn býr þannig að þörf fyrir stofnalausnir verði minni.
- Auka vægi vinnu sem stuðlað gæti að virkari notkun vinnuafslsins þannig að stærri hluti nýttist í beinni þjónustu við notendur. Jafnframt gæti nýtt verklag við framkvæmd velferðarþjónustu aukið árangur og styrkt vinnuumhverfi.
- Auka möguleika íslensks atvinnulífs bæði innanlands og utan á þessu sviði.

Þegar rætt er um nýsköpun og tækni innan velferðarþjónustunnar er mikilvægt að horft sé til þess að verið sé að þróa nýjar lausnir. Það er ljóst að tæknilausnir einar og sér skila takmörkuðum árangri. Árangurinn birtist í því samhengi þar sem tæknin er notuð.

Þegar unnið er að framþróun í nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu er framvindan skilgreind í fimm þrepum:

#### ***Þekking:***

Aukin miðlun, meðvitund, skilningur og sköpun þekkingar eru fyrstu skref nýsköpunar í velferðarþjónustu. Á þessu stigi birtist hinn raunverulegi áhugi og þær hindranir sem hugsanlega þarf að yfirstíga.

#### ***Tenging:***

Leggja þarf áherslu á hollustu hjá stjórnendum og forystumönnum.

#### ***Ákvörðun:***

Meta kosti og galla þess að innleiða nýja tækni og skapa nýja þjónustu eða breyta starfsaðferðum. Gagnreyndar aðferðir sem taka mið af fræðilegri þekkingu, þörfum notandans og aðstæðum eru mikilvægar og að þær séu settar í samhengi við aðstæður þjónustuveitandans og fjárhagslega getu hans.

#### ***Framkvæmd:***

Á þessu stigi liggur fyrir skilningur á kostum og göllum við framkvæmdina. Hér er einnig mikilvægt að reyna að gera sér grein fyrir almennum og sértækum áhrifum þess að setja verkefni af stað.

#### ***Staðfesting:***

Á lokastigi er staðfesting á verkefninu og því hvort unnt sé nýta nýja afurð eða þjónustu sem er árangur nýsköpunar í víðara samhengi.

Sveitarfélög geta átt misjafnlega auðvelt með að koma upp og reka þjónustu og innleiða lausnir á sviði velferðartækni. Það er því mikilvægt að sveitarfélög, ríki og aðrir hagsmunaaðilar vinni saman.

Notkun velferðartækni getur stuðlað að því að einstaklingar geti búið lengur heima. Tæknilegur búnaður, sem inniheldur vöktunarbúnað, myndbönd og smáforrit, geta verið valkostir við slíkar aðstæður. Sama á við um ýmiss konar skráningu, mælingu og samskipti eða kennslu.

Það er áskorun fyrir sveitarfélög að efla samstarf sitt við atvinnulífið, frumkvöðla- og nýsköpunarsetur með það að leiðarljósi að styrkja nýsköpun og sprotamyndum fyrirtækja sem eru að þróa lausnir eða þjónustu sem nýtist velferðarþjónustunni eða er á sviði velferðartækni. Það er líka mikilvægt hafa gætur á innleiðingarferlinu þegar ný verkefni eru sett á stað því oft daga góð verkefni uppi vegna skorts á öflugri eftirfylgd.

## 4 Almennar áherslur í nýsköpun og tækni í félagsþjónustu á Íslandi

---

Mikilvægt er að tryggja samvinnu við þróun og innleiðingu nýsköpunar og tækni á sem flestum sviðum velferðarþjónustunnar. Það getur verið dýrt og flókið ef margar ólíkar lausnir eru í gangi við sama viðfangsefni og getur það bitnað á samstarfi, upplýsingamiðlun og auknið þjálfunarkostnað.

Mikilvægt er að tengja stefnumótun í velferðartækni við þróun í velferðarþjónustunni og nýta þannig samlegðaráhrif.

Forsenda þess er almenn fræðsla og menntun um velferðartækni og innleiðingu nýrrar tækni og þjónustu sem byggist á þarfagreiningu og skýrum markmiðum áður en hafist er handa við framkvæmd.

Sameina þarf í auknum mæli þjónustubætti eins og heimaþjónustu og heimahjúkrun og starfrækja sem eina heild. Með því næst fram betri heildaryfirsýn og reksturinn verður einfaldari og ódýrari. Starfsfólk helst frekar í starfi og togstreita minnkar milli þjónustukerfa þegar unnið er að sameiginlegum markmiðum á sömu forsendum. Með minni starfsmannaveltu eykst vellíðan og öryggistilfinning notenda.

Nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu er komin frekar stutt á veg hér á landi og grunninnviðirnir í misjöfnu ástandi. Með grunninnviðum er m.a. átt við samskiptaleiðir til þess að skiptast á rafrænum heilbrigðisgögnum sem allmargar heilbrigðisstofnanir og aðilar sem tengjast heilbrigðisþjónustunni eru þegar tengdir. Ljóst er að í nokkrum landshlutum og í einstöku byggðum er fjarskiptanet bágborið en öflugt fjarskiptanet er ein forsenda þess að þær umbætur nái fram að ganga sem fram koma í stefnunni. Í gildandi fjarskiptaáætlun er gert ráð fyrir því að rafrænir grunninnviðir verði alls staðar fyrir hendi.

Velferðarþjónusta sem veitt er á heimilum fólks, eins og heimahjúkrun eða endurhæfing, hefur mjög takmarkaðan aðgang að rafrænum upplýsingum um einstaklinga og því litla möguleika á að skrá gögn beint í sjúkraskrár sem aðgengilegar eru öðrum í heilbrigðis- og velferðarkerfum.

Notkun rafrænna samskipta í velferðarþjónustunni hafa aukist á síðustu árum. Í þeim samskiptum felast mörg tækifæri til að bæta þjónustu og öryggi og gera gögn aðgengileg og senda þau rafrænt.

Rafrænt aðgengi almennings að velferðarþjónustunni og aðgengi að eigin upplýsingum er enn sem komið er takmarkað. Vænta má breytinga á þessum þætti seinni hluta árs 2014 þegar allar opinberar heilbrigðisstofnanir tengjast þjónustu sem kallast Vera heilsuvefur. Þessi vefur gerir almenningi mögulegt að panta tíma í heilbrigðisþjónustunni á vefnum, senda fyrirspurnir til heilbrigðisstarfsfólks og eiga í rafrænum samskiptum með öruggum hætti. Einnig að óska eftir endurnýjun lyfja, hafa aðgang að gögnum úr eigin sjúkraskrá, sjá yfirlit yfir útleysta og óútleysta lyfseðla, bólusetningar, komur á heilbrigðisstofnanir og greiningar. Með þessari þjónustu verður komin ein örugg samræmd leið fyrir almenning til að eiga í rafrænum samskiptum við alla heilbrigðisþjónustuna í landinu. Tækifærin til að þróa hana í framtíðinni eru óendanleg.

Í þessu sambandi er einnig rétt að vekja athygli á því að ríkisstjórnin samþykkti í maí 2012 nýja aðgengisstefnu fyrir opinbera vefi til að tryggja aðgengi m.a. fyrir blinda, sjónskerta og aðra sem þufa að nota hjálpartæki við lestur efnis og notkun vefja almennt.

Þróun í nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu hefur ekki haldist í hendur við þau tækifæri sem framþróun tækninnar býður upp á. Verkefnið er auðvitað stærra en það og krefst samstarfs fyrirtækja og stofnana sem eru þjónustuveitendur sem og endurmenntunar starfsmanna, notenda o.fl. til þess að innleiðing tækninnar eigi sér stað og komi að gagni og stuðli að aukinni framleiðni þjónustunnar. Margt gott hefur þó áunnist, en vöntun á skýrri sýn og fjárskortur hefur háð framþróun.

Velferðarþjónustan er það víðfeðm að þar geta flest úrræði velferðartækni sem í boði eru nýst, allt frá öryggishnappi til sjúkdómsgreininga. Því er mikilvægt að upplýsa, fræða og þjálfa nemendur í félags – og heilbrigðisgreinum í notkun velferðartækni og öðru sem til framfara horfir samhliða sínu bóklega námi. Það kemur því í hlut menntakerfisins að innleiða og skipuleggja grunnþekkingu velferðartækninnar allt frá grunnskóla til háskólastigs.

## 5 Framtíðarsýn – áherslur í nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu

---

Af framansögðu má greina nokkra þætti sem mikilvægt er að skoða þegar til verður framtíðarsýn og áherslur lagðar á nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu. Sérstaklega ber að hafa í huga að:

- Nærþjónusta taki mið af aðstæðum á vettvangi.
- Fyrirbyggja í stað þess að bregðast við.
- Íhlutun sé snemmtæk.
- Auka samstarf aðila á vettvangi.
- Auka samstarf við sveitarfélög við framkvæmd verkefna.
- Styrkja samstarf sérfræðinga, fagfólks og notenda.
- Styrkja þátttöku notanda við mótun og framkvæmd stefnu og áætlana.
- Styrkja samvinnu ríkis og sveitarfélaga við atvinnulífið um velferðarlausnir af ýmsu tagi.

Leggja ber áherslu á að koma upp innviðum og grunnvirkni sem hægt er að byggja á til lengri tíma.

Vinna þarf að sameiginlegri sýn með heilbrigðisþjónustunni um hvernig fjarþjónusta og eftirlit geti farið fram og hvernig upplýsingar verði aðgengilegar og nýtist starfsfólki, skjólstæðingum og aðstandendum sem best.

Nauðsynlegt er að stuðla að mótun sameiginlegrar sýnar meðal félags-, heilbrigðis- og menntakerfa um hvernig gæði velferðarþjónustunnar verði tryggð. Einnig að skoða hvernig hægt verði að nota ýmsar aðferðir og tækni, t.d. öryggistækni, tækni til að bæta líðan, auka félagsleg tengsl og til þjálfunar, svo auka megi gæði þjónustunnar og um leið upplifun notenda. Tryggja þarf að upplýsingar geti verið aðgengilegar starfsfólki, notendum/sjúklingum og aðstandendum.

Horfast þarf í augu við að velferðartækni er ein vænlegasta leiðin til að takast á við þær breytingar sem velferðarkerfið stendur frammi fyrir og því þarf að tryggja að mótuð sé sýn til lengri tíma og fjárframlög tryggð.

Í þeirri stefnu sem fylgir hér á eftir eru skilgreind markmið á fjórum áherslusviðum. Markmiðin eru mismörg á áherslusviðunum en undir hverju markmiði eru skilgreindar aðgerðir sem ætlað er að tryggja að markmiðin náist.

## Áherslusvið 1. Undirbúningur

---

### 1.1 Endurskoðun á laga og reglugerðarumhverfi

Markmið:	Til þess að stuðla að og skapa frekari tækifæri til nýsköpunar innan velferðarþjónustunnar á Íslandi verði fyrir árið 2017 ráðist í breytingar og endurskoðun á lögum og reglugerðum um velferðarþjónustu og tryggt að fjölbreytilegar velferðarlausnir verði alltaf upplýstur kostur við framkvæmd þjónustunnar.
Framkvæmd:	Endurskoðun skal unnin í samráði fjölmargra hagsmunaaðila til þess að tryggja að sem flest sjónarmið fái notið sín. Í þessu samhengi er gert ráð fyrir að búið sé til leiðbeiningarefni og upplýsingar um breytingarnar séu almennt aðgengilegar. Sérstaklega verði hugað að siðferðilegum álitaeftum.
Ábyrgðaraðili:	Velferðarráðuneytið.
Eftirfylgni:	Velferðarráðuneytið.
Samst.aðilar:	Önnur ráðuneyti, sveitarfélögin og hagsmunaaðilar.
Kostnaður:	Í samantekt í kostnaðargreiningu.
Mælikvarðar:	Þær nauðsynlegu breytingar sem framkvæmdar hafa verið að mati hagsmunaaðila.

### 1.2 Stuðningur við nýsköpun á sveitarfélagastiginu

Markmið:	Að á árunum 2015 og 2016 verði tryggt fjármagn í sjóð sem verði eyrnamerkt nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu.
Framkvæmd:	Boðið verði upp á styrki sem geri kröfur um að verkefni falli innan stefnu um velferðartækni og geri ráð fyrir að aðilar vinni saman að nýsköpun, t.d. að lágmarki þrjú aðilar komi að hverju verkefni þar sem a.m.k. einn sé frá velferðarþjónustu og einn frá atvinnulífinu (birgjum). Sveitarfélögin verði styrkt til að setja af stað ýmis verkefni ásamt því að setja af stað rekstur tilgreindra þjónustupáttá. Boðið verði upp á ráðgjöf fyrir sveitarfélögin. Slík ráðgjöf geti gengið þvert á þjónustusvið sveitarfélaga. Leitað verður eftir samstarfi við Tækniþróunarsjóð.
Áb.aðilar:	Velferðarráðuneytið, sveitarfélögin.
Eftirfylgni:	Velferðarráðuneytið.
Samst.aðilar:	Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga.
Kostnaður:	Í samantekt í kostnaðargreiningu.
Mælikvarðar:	Að hægt verði að sækja um styrki til nýsköpunar á árinu 2016.

### 1.3 Almennar áherslur á nýsköpun

Markmið:	Að á hverju ári frá 2015 til ársins 2020 verði staðið fyrir kynningarátaki meðal almennings um nýsköpun og tækniþróun á sviði velferðarþjónustu.
Framkvæmd:	Ríki, sveitarfélög, frumkvöðlar og hagsmunaaðilar nýsköpunarverkefna af ýmsu tagi þar sem m.a. er horft til samfélagslegs árangurs í velferðarþjónustunni og meðal notenda og aðstandenda. Hér verður m.a. horft til reynslu Norðurlandapjóðanna á sviði sjálfbærrar velferðar. Hægt er að vinna þetta verkefni í tengslum við rannsóknarþing eða nýsköpunarþing í velferðarlausnum.
Áb.aðilar:	Velferðarráðuneytið.
Eftirfylgni:	Velferðarráðuneytið, sveitarfélög og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið.
Samst.aðilar:	Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, TMF-Tölvumiðstöð, hagsmunaaðilar og almenningsur.
Kostnaður:	Í samantekt í kostnaðargreiningu.
Mælikvarðar:	Könnun á viðhorfum almennings til átaksins.

### 1.4 Nýsköpunaráætlanir hjá sveitarfélögum

Markmið:	Að fyrir árslok 2016 liggi fyrir áætlanir hjá öllum þjónustusvæðum sveitarfélaganna á sviði nýsköpunar og tækni í velferðarþjónustu og að skipuð hafi verið nýsköpunarteymi til þess að fylgja þeim eftir. Öll sveitarfélög verði komin með slíka áætlun fyrir lok árs 2020.
----------	--



Framkvæmd: Skipuð verði sérstök verkefnisstjórn sem annist eftirfylgd og ráðgjöf við teymin og stuðning við við framkvæmd áætlanna. Gert er ráð fyrir því að starf verkefnisstjórna fylgi hinum almenna ramma stjórnvalda.

Ábyrgðaraðili: Velferðarráðuneytið.

Eftirfylgni: Velferðarráðuneytið.

Samst.aðilar: Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, mennta-  
menningarmálaráðuneytið, Rannís, Samband íslenskra sveitarfélaga og aðrir  
hagsmunaaðilar.

Kostnaður: Í samantekt í kostnaðargreiningu.

Mælikvarðar: Fjöldi nýsköpunaráætlana hjá sveitarfélögum.

## Áherslusvið 2. Þekking og færni

---

### 2.1 Styrking þekkingar og færni í sveitarfélögum

Markmið:	Að á árunum 2015 og 2016 hafi ríki og sveitarfélög tekið í notkun skilgreindar aðferðir nýsköpunar við stjórnun og forystu.
Framkvæmd:	Verkefnið taki til upplýsingaöflunar og tölræðivinnslu og uppbyggingar þekkingar og færni til að tryggja að sveitarfélög séu enn frekar í stakk búin til þess að starfrækja nýsköpunarverkefni. Jafnframt bjóði ríki og sveitarfélög í samvinnu upp á ýmiss konar þróunarkosti í því hvernig hægt sé að styrkja pólitíska og stjórnunarlega ákvarðanatöku á sviði stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Þar myndu pólitískt kjörnir fulltrúar, fulltrúar fagstétta og frumkvöðlar, ásamt notendum þjónustunnar, taka höndum saman.
Áb.aðilar:	Velferðarráðuneytið.
Eftirfylgni:	Velferðarráðuneytið, menntamálaráðuneytið, Innanríkisráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga.
Samst.aðilar:	Sveitarfélögin og aðrir hagsmunaaðilar.
Kostnaður:	Í samantekt í kostnaðargreiningu.
Mælikvarðar:	Viðhorf til breytinga hjá ríki og sveitarfélögum.

### 2.2 Stuðningur og nám á vettvangi sveitarfélaga

Markmið:	Að á árinu 2016 eigi starfsfólk sveitarfélaga kost á námskeiðum og endurmenntun á sviði nýsköpunar.
Framkvæmd:	Úrræðið verði fjölbreytilegt og taki mið af þörfum markhópanna. Útfærðar verði hagnýtar aðferðir með tilheyrandi námi og kennslu um hvernig þarfir fólks skuli kortlagðar og metnar og hvaða lausnir kunni að vera aðgengilegar og þeim komið í framkvæmd. Loks verði árangur metinn, bæði gagnvart einstaklingum og þjónustuaðilum. Námsstilboðið leggi áherslu á þarfir notenda, vinnuumhverfi, vinnuferli og tækni. Í þessu starfi verði lögð áhersla á samstarf hinna ýmsu aðila, t.d. Vinnumálastofnunar og Hjálparkjambúðstöðvar SÍ.
Áb.aðilar:	Velferðarráðuneytið, innanríkisráðuneytið, TMF-Tölvumiðstöð og fleiri.
Eftirfylgni:	Velferðarráðuneytið.
Samst.aðilar:	Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og endur- og símenntunarstöðvar.
Kostnaður:	Í samantekt í kostnaðargreiningu.
Mælikvarðar:	Fjöldi námskeiða hjá sveitarfélögum í boði árið 2016.

### 2.3 Nám/námskeið á ýmsum skólastigum

Markmið:	Að á árunum 2016 – 2017 verði settar á laggirnar námsbrautir eða styttri námskeið, bæði á háskólastigi og framhaldsskólastigi, á sviði verkefnastjórnunar og innleiðingar nýsköpunar.
Framkvæmd:	Námslínurnar tryggi samstarf og samvinnu þvert á ólíkar faggreinar ásamt því að kynna hugmyndafræði og aðferðir í nýsköpun þar sem markmiðið er að auka lífsgæði almennings í nútímasamfélagi. Boðið verði upp á valnámskeið um efnið. Einnig verði áhersla á að þekkingin geti nýst með eins hagkvæmum hætti og mögulegt er úti á almennum vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir samstarfi háskólastofnana, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og ríkis og sveitarfélaga við þróun þekkingar og reynslu í velferðarþjónustu. Athugað verður með aukningu í verkefnavinnu (verkefnasamkeppni) á framhalds- og háskólastigi. Búinn verður til verkefnabanki þar sem skráðar verða góðar hugmyndir eða verkefni á sviði velferðarþjónustu.
Áb.aðilar:	Velferðarráðuneytið í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið.
Eftirfylgni:	Velferðarráðuneytið og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið.
Samst.aðilar:	Mennta- og menningarmálaráðuneytið, háskólarnir.
Kostnaður:	Í samantekt í kostnaðargreiningu.

Mælikvarðar: Fjöldi námsbrauta eða námslína.

## 2.4 Samstarf ríkis, sveitarfélaga og frumkvöðla

**Markmið:** Að á árinu 2015 verði mótaður fjölbreyttur og fjölfaglegur samstarfsvettvangur á sviði velferðarlausna.

**Framkvæmd:** Kortlagðir og greindir verði vænlegir valkostir í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja. Meðal annars verði mótaðar hugmyndir um hvernig ríki og sveitarfélög geti þróað sérhæfðar velferðarlausnir þar sem notkun hefðbundinna markaðslausna er ekki fær. Ríki og sveitarfélög hafi yfir að ráða fjármagni þar sem þau geta orðið þróunarfélagar með fyrirtækjum (*Developing partners*). Mótaður verði vettvangur um hvernig samstarfi við frumkvöðla og fyrirtæki verði háttáð.

**Áb.aðilar:** Velferðarráðuneytið og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið.

**Eftirfylgni:** Velferðarráðuneytið og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið.

**Samst.aðilar:** TMF-Tölvumiðstöð, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Samtök atvinnulífsins, frumkvöðlar og fyrirtæki, Rannís og aðrir hagsmunaaðilar.

**Kostnaður:** Í samantekt í kostnaðargreiningu.

**Mælikvarðar:** Samstarfsvettvangur með skilgreint umboð hafi verið skipaður.

## 2.5 Upplýsingagátt

**Markmið:** Að á árinu 2016 hafi verið opnuð upplýsingagátt á vettvangi velferðarráðuneytisins þar sem almenningur geti kynnt sér þær velferðarlausnir sem boðið er upp á.

**Framkvæmd:** Búin verði til heildstæð upplýsingagátt þar sem almenningur/notendur þjónustu geti nálgast upplýsingar um þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Gáttin búi yfir upplýsingum um markmið, áætlanir, verkferli og árangur stofnana ríkis og sveitarfélaga auk almennra fjárhagsupplýsinga. Jafnframt verði boðið upp á upplýsingar um þau þróunarverkefni sem verið sé að vinna að og hvað árangri þau eru að skila. Loks sé að finna heildstæðar upplýsingar um hagsmunagæsluaðila og hvernig hægt sé nálgast þá. Gert er ráð fyrir útgáfu vefrits í þágu þessa markmiðs.

**Áb.aðilar:** Velferðarráðuneytið.

**Eftirfylgni:** Velferðarráðuneytið.

**Samst.aðilar:** Sí, Tryggingastofnun ríkisins, þjónustuaðilar, TMF-Tölvumiðstöð, hagsmunaaðilar.

**Kostnaður:** Í samantekt í kostnaðargreiningu.

**Mælikvarðar:** Regluleg skoðun á fjölda notenda og könnun á því hvernig upplýsingagáttin nýtist notendum þar sem tekið er til bæði jákvæðra og neikvæðra sjónarmiða.

## 2.6 Þekkingaruppsprettur

**Markmið:** Að á árinu 2015 verði leitað samstarfs við erlenda aðila um þekkingu og samstarf á sviði nýsköpunar og tækni í velferðarþjónustu.

**Framkvæmd:** Gerðir verði samningar við erlendar þekkingarmiðstöðvar eða nýsköpunarmiðstöðvar um reglulegar heimsóknir til að kynna sér velferðarlausnir. Einnig yrði um að ræða heimsóknir í stofnanir, fyrirtæki og á aðra þá staði þar sem hægt væri að leita góðra fyrirmýnda. Áhersla verður á að þekkingar sem aflað verður verði miðlað í vefriti og með almennum kynningum til notenda og veitenda og annarra sem gætu haft not af þeirri þekkingu sem stendur til boða.

**Áb.aðilar:** Velferðarráðuneytið.

**Eftirfylgni:** Velferðarráðuneytið.

**Samst.aðilar:** Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, TMF-Tölvumiðstöð og aðrir hagsmunaaðilar.

**Kostnaður:** Í samantekt í kostnaðargreiningu.

**Mælikvarðar:** Fjöldi heimsókna og til hverra upplýsingum var miðlað.

## 2.7 Góðar fyrirmýndir

**Markmið:** Að væntanlegir notendur þjónustu geti heimsótt þjónustustofnanir fyrir lok árs 2016 til að kynna góðum velferðarlausnum.

**Framkvæmd:** Að væntanlegir notendur geti haft aðgang að þjónustustöðum þar sem þeir geta

reynt ýmsar velferðarlausnir. Hér getur verið um að ræða lausnir á heimili í sinni víðtækustu mynd, t.d. almennt aðgengi að eldhúsi og snyrtingu. Þjónustumiðstöðvarnar verði einnig kennslu- og tilraunastaðir fyrir notkun ýmiss konar lausna.

Áb.aðilar: Velferðarráðuneytið.

Eftirfylgni: Velferðarráðuneytið.

Samst.aðilar: Hjálpartækjamiðstöð SÍ, heilsugæslustöðvar, félagsþjónustur, svæðisvinnumiðlanir og hagsmunasamtök.

Kostnaður: Í samantekt í kostnaðargreiningu.

Mælikvarðar: Fjöldi stofnana og fjöldi þátttakenda.

## Áherslusvið 3. Lausnir

---

### 3.1 Öryggi á heimili

Markmið:	Að fyrir 1.6. 2016 verði lokið fyrstu kortlagningu og greiningu á þörf fyrir velferðarlausnir sem tryggja öryggi einstaklinga á heimilum sínum og seinki því að þeir þurfi á viðamikilli stofnanapjónustu að halda.
Framkvæmd:	Verkefninu er ætlað að fá yfirlit yfir þörf fyrir eftirlitskerfi og öryggiskerfi ýmiss konar sem tryggir að fólk geti búið búið lengur heima. Áhersla er einnig á að skoða möguleika fólks til að auka líkamlega virkni til að tryggja hreyfigetu og líkamlega heilsu, bæði sem hluta af endurhæfingu og fyrirbyggjandi aðgerðum. Horft verður til góðra fyrirmynda sem sýnt hafa góðan árangur.
Áb.aðilar:	Velferðarráðuneytið.
Eftirfylgni:	Velferðarráðuneytið.
Samst.aðilar:	Hjálpartækjamiðstöð SÍ, Þekkingarmiðstöðvar og hagsmunaaðilar, frumkvöðlar, fyrirtæki og endurhæfingarstaðir.
Kostnaður:	Í samantekt í kostnaðargreiningu.
Mælikvarðar:	Fjöldi einstaklinga sem nýta sér lausnir. Fjöldi samstarfssamninga.

### 3.2 Stuðningur við færni

Markmið:	Að fyrir lok árs 2016 verði fyrstu kortlagningu og greiningu á þörf fyrir velferðarlausnir, sem draga úr missi og eða styðja við eða bæta líðan, lokið.
Framkvæmd:	Kortlagning og greining taki einkum til flutningstækja, hjálpartækja til ganga, tækja sem draga úr áhrifum heyrnarskerðingar og blindu, stjórnar á líkama, tækni við heimilisstörf og frístundir auk annarra tækja til þjálfunar og virkni. Horft verði til almennra lausna fyrir þá sem búa við andlega skerðingu af einhverju tagi. Það verði gert með því að draga fram lausnir sem stutt gætu við eða aukið getu til að ráða við eða stjórna eign lífi og almennu heilbrigði, en um leið stuðlað að betri lífsgæðum fyrir einstaklingana sjálfa og aðstandendur þeirra.
Áb.aðilar:	Velferðarráðuneytið. Hjálpartækjamiðstöð SÍ.
Eftirfylgni:	Velferðarráðuneytið.
Samst.aðilar:	TMF-Tölvumiðstöð, frumkvöðlar, fyrirtæki og aðrir hagsmunaaðilar.
Kostnaður:	Í samantekt í kostnaðargreiningu.
Mælikvarðar:	Samantekt um þörf greind eftir sveitarfélögum.

### 3.3 Stuðningur við félagsleg samskipti

Markmið:	Að fyrir lok árs 2016 liggja fyrir skilgreindur fjöldi nýrra lausna þar sem stofnað hefur verið til nýrra tengsla og/eða eldri tengslum viðhaldið.
Framkvæmd:	Í verkefninu verði lögð áhersla á að þróa lausnir sem geta stutt fólk sem er eitt eða einmana og því þannig gefið tækifæri til að viðhalda tengslum við aðra, skapa ný tengsl og þátttöku í félagslífi. Um er að ræða ýmiss konar velferðarlausnir með sínum, á vefnum, með notkun netsamfélaga, «gæludýrum» og með samskiptavélmönnum (gíraffar).
Áb.aðilar:	Velferðarráðuneytið.
Eftirfylgni:	Velferðarráðuneytið.
Samst.aðilar:	TMF-Tölvumiðstöð, frumkvöðlar, fyrirtæki og aðrir hagsmunaaðilar sem koma að heimaþjónustu við einstaklinga.
Kostnaður:	Í samantekt í kostnaðargreiningu.
Mælikvarðar:	Samantekt um þörf greind eftir sveitarfélögum.

### 3.4 Stuðningur á heimilum þar sem starfrækt er þjónusta allan sólarhringinn

Markmið:	Að leita samskiptalausna og tæknilausna sem auka og styrkja heimilisbrag.
Framkvæmd:	Verkefnið miðar að því að auðvelda vinnu starfsfólks, draga úr stofnanabrag, skipuleggja þjónustuna einstaklingsbundið og bjóða upp á nýjar aðferðir til að takast á við áhrif ýmissa skerðinga. Þetta gæti styrkt sjálfstæði notenda og haft

þannig áhrif á líf þeirra til bóta. Leitað verður samstarfs við Íbúðalánasjóð við þróun lausna varðandi aðgengi. Hér er einnig um að ræða ýmiss konar velferðarlausnir með sínum, á vefnum, með notkun netsamfélaga og með samskiptavélmennum (gíraffar).

Áb.aðilar:	Velferðarráðuneytið.
Eftirfylgni:	Velferðarráðuneytið.
Samst.aðilar:	Hjálpertækjamiðstöð SÍ, fræðasamfélagið, frumkvöðlar, fyrirtæki og TMF-Tölvumiðstöð og aðilar í heimaþjónustu.
Kostnaður:	Í samantekt í kostnaðargreiningu.
Mælikvarðar:	Spurningakönnun – notendur og veitendur.

### 3.5 Aðgengilegar lausnir

Markmið:	Að fyrir árslok 2016 verði tryggt að allir hafi aðgang að máltæknilausnum á íslensku í samskiptum sín á milli.
Framkvæmd:	Unnið verði áfram að því að auka aðgengi og virkni blindra, sjónskertra, aldraðra og annarra að samfélaginu með aðstoð tæknilausna (talgreinar og talgervlar).
Áb.aðilar:	Velferðarráðuneytið.
Eftirfylgni:	Velferðarráðuneytið.
Samst.aðilar:	Blindrafélagið, TMF-Tölvumiðstöð, fræðasamfélagið og aðrir hagsmunaaðilar.
Kostnaður:	Í samantekt í kostnaðargreiningu.
Mælikvarðar:	Könnun á fjölda í upphafi og lok tímabils.

### 3.6 Þróun og samstarf á sviði félagsþjónustu

Markmið:	Að fyrir árslok 2016 verði boðið upp á skipulags- og samskiptalausnir milli þjónustukerfa og innan þeirra sem styrkt gætu gæði þeirrar þjónustu sem verið er að bjóða upp á.
Framkvæmd:	Verkefnið miðar að því að auðvelda þverstofnanalegt samstarf, fjölfaglegt samstarf, styrkja heilbrigða stofnanamenningu sem og skipuleggja einstaklingsbundna þjónustu sem aukið gæti sjálfstæði notenda og áhrif þeirra á eigið líf. Verkefninu er einnig ætlað að tryggja að einstaklingar sem þurfa á þjónustu að halda fái heildstætt mat á stuðningsþörf sinni og heildstæða og samræmda þjónustu.
Áb.aðilar:	Velferðarráðuneytið.
Eftirfylgni:	Velferðarráðuneytið.
Samst.aðilar:	Innanríkisráðuneytið, frumkvöðlar og fyrirtæki.
Kostnaður:	Í samantekt í kostnaðargreiningu.
Mælikvarðar:	Fjöldi einstaklinga sem rétt eiga á einstaklingsbundinn þjónustuáætlun samanborið við þá sem eru með slíka áætlun.

### 3.7 Þróun lausna í fjölbýli

Markmið:	Að í byrjun árs 2016 verði komið af stað þróunarverkefni sem geti aukið gæði þjónustu við einstaklinga sem búa í fjölbýli.
Framkvæmd:	Verkefninu er ætlað að skoða ýmsar lausnir með skipulag og fjármögnun, t.d. er varðar lyftulausnir. Einnig að skoða umhverfisvöktun, öryggislausnir og aðrar lausnir sem geta tryggt aðgengi fyrir alla. Einnig er lögð áhersla á upplýsingamiðlun og gerð leiðbeininga til arkitekta og byggingaraðila.
Áb.aðilar:	Velferðarráðuneytið.
Eftirfylgni:	Velferðarráðuneytið.
Samst.aðilar:	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, frumkvöðlar og aðrir hagsmunaaðilar.
Kostnaður:	Í samantekt í kostnaðargreiningu.
Mælikvarðar:	Mat verði framkvæmt á tilgreindum þáttum.

### 3.8 Aukin virkni á vinnumarkaði

Markmið:	Að í lok árs 2016 verði komnar af stað tilraunasmiðjur sem hafi það hlutverk að hvetja til aukinnar virkni fólks með skerta starfsorku á vinnumarkaði.
Framkvæmd:	Verkefnið er tvíþætt

- a. Kortlagning og greining á þeim velferðarlausnum sem nauðsynlegar eru til að þeir sem á þeim þurfa að halda geti verið virkir á vinnumarkaði.
- b. Tekið sé upp samstarf við aðila vinnumarkaðarins um hvernig best sé hægt að tryggja þátttöku fólks með skerta starfsorku á vinnumarkaði. Hugað verði að ríkara samspili skóla og starfsmenntunnar (*Apprenticeship* o.fl.).

Áb.aðilar: Velferðarráðuneytið.  
Eftirfylgni: Velferðarráðuneytið.  
Samst.aðilar: Vinnumálastofnun, Virk, ÖBÍ, Þroskahjálp, sveitarfélög, frumkvöðlar, fyrirtæki o.fl.  
Kostnaður: Í samantekt í kostnaðargreiningu.  
Mælikvarðar: Fjöldi lausna og fjöldi einstaklinga sem njóta góðs af verkefninu.

### 3.9 Menntun og virkni

Markmið: Að fyrir árslok 2016 liggi fyrir samstarfsáætlun ýmissa menntastofnana um velferðarlausnir sem tryggt geti betur samspil menntunar og virkni.  
Framkvæmd: Verkefninu er ætlað að tryggja að hægt sé að beita ýmiss konar velferðarlausnum til að auka skilning og áhuga einstaklinga sem ekki geta nýtt sér hefðbundnar lausnir í kennslu.  
Áb.aðila : Velferðarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið.  
Eftirfylgni: TMF-Tölvumiðstöð, mennta- og menningarmálaráðuneytið.  
Samst.aðilar: Sveitarfélög, Landssamband eldri borgara og aðrir hagsmunaaðilar.  
Kostnaður: Í samantekt í kostnaðargreiningu.  
Mælikvarðar: Að fyrir liggi áætlun um verkefnið.

### 3.10 Aðgengi að samfélaginu

Markmið: Að í lok árs 2016 liggi fyrir áætlun um aðgengi fyrir alla að stofnunum ríkis og sveitarfélaga og að í lok árs 2025 verði samfélagið aðgengilegt fyrir alla.  
Framkvæmd: Verkefnið er tvíþætt:  
a. Að gerð sé aðgengisúttekt, ásamt greiningu kostnaðar með skýrri ábyrgð á framkvæmd fyrir allt húsnæði sem rekið er af ríki og sveitarfélögum. Horft verði til velferðarlausna sem auðvelda aðgengi fyrir hreyfihamlaða. Má þar nefna lyftur, rampa o.s.frv. Úttektin nái til aðgengis fyrir eldri borgara, blinda, sjónskerta, heyrnarlausna, heyrnarskertra og daufblinda.  
b. Gefin verði út skýr fyrirmæli ásamt leiðbeiningum um hvernig ríki, sveitarfélög og almenningur geti unnið saman að nýsköpun og tækni á þessu sviði.  
Áb. aðilar: Stjórnarráðið.  
Eftirfylgni: Stjórnarráðið.  
Samst.aðilar: Stjórnarráðið og aðrir hagsmunaaðilar.  
Kostnaður: Í samantekt í kostnaðargreiningu.  
Mælikvarðar: Fjöldi sveitarfélaga í úttekt.

## Áherslusvið 4. Miðlun og mat á lausnum og framvindu

### 4.1 Sýningar- og þjálfunarstaðir

Markmið:	Að frá og með 2016 geti notendur skoðað og reynt ýmsar velferðarlausnir.
Framkvæmd:	Gert er ráð fyrir því að komið verði upp að a.m.k. einum stað á landinu þar sem hægt verði að leyfa notendum að skoða og prófa ýmiss konar velferðarlausnir.
Áb.aðilar:	Velferðarráðuneytið, Hjálpartækjamiðstöð SÍ.
Eftirfylgni:	Velferðarráðuneytið.
Samst.aðilar:	Hjálpartækjamiðstöð SÍ. Landssamband eldri borgara og önnur hagsmunasamtök notenda ásamt frumkvöðlum og fyrirtækjum.
Kostnaður:	Í samantekt í kostnaðargreiningu.
Mælikvarðar:	Starfsemi hafin.

### 4.2 Erlent samstarf

Markmið:	Að frá árinu 2015 verði Ísland virkur þátttakandi í helstu áætlunum á sviði nýsköpunar og tækni í velferðarþjónustu sem eru í gangi á grundvelli EES-samningins og á vettvangi norræns samstarfs og að Ísland taki þátt í a.m.k. fimm þróunarverkefnum í því skyni að hraða innleiðingu nýrrar tækni og þjónustu.
Framkvæmd:	Leitað verði eftir samstarfi við þróun velferðarlausna á vettvangi Norræns samstarfs (Norræna velferðarmiðstöðin NVC), Nordic Innovation, Nordisk samarbejdskomité og Nord Regio). Jafnframt verði leitað að samstarfsflötum á vettvangi EES-samstarfsins.
Áb.aðilar:	Velferðarráðuneytið.
Eftirfylgni:	Velferðarráðuneytið.
Samst.aðilar:	Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og aðrir hagsmunaaðilar.
Kostnaður:	Í samantekt í kostnaðargreiningu.
Mælikvarðar:	Reglulegt samstarf a.m.k. einu sinni á ári.

### 4.3 Samráð ráðuneyta og undirstofnana

Markmið:	Að frá árinu 2015 verði stofnað til samstarfs milli ráðuneyta um þróun velferðarlausna af ýmsu tagi.
Framkvæmd:	Velferðarráðuneytið leiti samstarfs við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, innanríkisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið auk Sambands íslenskra sveitarfélaga um heildstæða stefnu í nýsköpun og tækni í velferðarþjónustu. Haldnir verði a.m.k. tveir samráðsfundir á ári.
Áb.aðilar:	Velferðarráðuneytið, atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið.
Eftirfylgni:	Velferðarráðuneytið.
Samst.aðili:	Samband íslenskra sveitarfélaga.
Kostnaður:	Í samantekt í kostnaðargreiningu.
Mælikvarðar:	Fjöldi samráðsfunda og skilgreindra verkefna.

### 4.4 Úttektir og fjármögnun velferðarlausna til framtíðar

Markmið:	Að fyrir árslok 2016 liggi fyrir leiðarvísir sem beint sé til notenda á vettvangi ríkis, sveitarfélaga og almennings um hvernig meta skuli kosti og galla við velferðarlausnir af ýmsu tagi.
Framkvæmd:	Gerð verði úttekt á þróun velferðarlausna á hverjum tíma á Íslandi ásamt kostnaðar- og áhrifagreiningu sem gefi greinargóðar upplýsingar um hvar og hvernig best sé nota fjármuni á hverjum tíma.
Áb.aðili:	Velferðarráðuneytið.
Eftirfylgni:	Velferðarráðuneytið.
Samst.aðilar:	Önnur ráðuneyti, samstarfsstofnanir, Hjálpartækjamiðstöð SÍ, heimþjónusta þ.m.t. heimahjúkrun, þekkingarmiðstöðvar og fleiri.
Kostnaður:	Í samantekt í kostnaðargreiningu.
Mælikvarðar:	Leiðarvísir og fjármögnun stefnu.



